

Lífeyrissjóður bankamanna

Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar 2017



Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

1. Lífeyrissjóður bankamanna, Hlutfallsdeild

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Aðildarfyrtæki Hlutfallsdeildar eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna. Hlutfallsdeild er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum en varðveitir hluta af réttindum sjóðfélaga sem áunnin eru fyrir lok árs 1997.


2. Tryggingafræðileg staða

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2015 sýndi að verðmæti eigna deildarinnar að meðtöldum iðgjöldum en frádregnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 39.927,3 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 40.999,0 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -1.071,7 milljónir, eða -2,6% af heildar skuldbindingum.


Staða deildarinnar er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í 39. gr laga nr. 129/1997 en þar er tilgeindur hámarksmunur milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% samfelt í fimm ár. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykta er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

3. Markmið og forsendur ávöxtunar

Höfuðmarkmið Lífeyrissjóðs bankamanna er að ávaxta eignir sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum hans og hámarka réttindi sjóðfélaga. Ávöxtun fjármuna Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Fjárfestingar taka mið af varkárni og meginþungi þeirra skal vera á skipulegum mörkuðum. Haga skal ávöxtun eigna deildarinnar með þeim hætti að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast. Tapsþol deildarinnar er lítið þar sem lífeyrisbyrði er há, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjöldum, og mun aukast þar enn frekar á næstu árum. Samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingafræðilegri athugun má gera ráð fyrir að iðgjöld muni vera orðin óveruleg um árið 2035 en að lífeyrisgreiðslur geti náð allt fram til ársins 2070.



Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'cb', 'M', and 'B5'.



Á myndinni að ofan má sjá hreint greiðsluflæði til deildarinnar þ.e. iðgjöld og greiðslur af skuldabréfum og innlánasamningum að frádregnum lífeyri. Deildin er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum og iðgjaldgreiðslur hafa farið lækkandi og lífeyrisbyrði aukist. Vegna hárrar lífeyrisbyrði er áhersla á eignir sem hafa þekkt greiðsluflæði og/eða mikinn seljanleika til að standa straum af útgreiðslum. Árið 2020 er innlánasamningur á gjalddaga sem skýrir snarpa breytingu það ár eins og sést á myndinni að ofan.

Eignasamsetning 1. október 2016 og vænt ávöxtun 2017

Í töflu að neðan má sjá eignasamsetningu Hlutfallsdeildar miðað við 1. október 2016. Frekari sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I.

| Eignasamsetning Hlutfallsdeildar | Staða |
|---|-------|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 24,4% |
| Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 62,5% |
| Skuldabréf sveitafélaga | 2,0% |
| Skuldabréf lánastofnana | 0,5% |
| Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði | 1,8% |
| Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini | 2,9% |
| Erlend verðbréf | 0,0% |
| Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrirtækja) | 5,9% |

Vænt ávöxtun


Mat á væntri ávöxtun eignaflokka til lengri tíma byggir á sögulegri ávöxtun og mati greiningaraðila. Skráðar vísitölur eru notaðar til að endurspeglja helstu verðbréfaflokka. Þegar vænt markaðsávöxtun eignasafns er áætluð er jafnframt tekið tillit til samsetningar safnsins t.d. til hlutfalls óskráðra hlutabréfa í hlutabréfasafni og meðallánshæfis skuldabréfasafns í samanburði við láns hæfi ríkisbréfa.



| Íslenskar eignir | Viðmið | Vænt nafnávöxtun m.v. | | Vænt nafnávöxtun m.v. | |
|------------------------|----------|-----------------------|----------------|-----------------------|---------------------------|
| | | uppgjör á kaupkröfu | markaðsuppgjör | Söguleg áhætta | Vegin áhætta ¹ |
| Innlán | OMXI3MNI | 5,30% | 5,30% | 0,34% | 0,42% |
| Stutt óverðtryggð bréf | OMXI1YNI | 6,21% | 5,00% | 1,10% | 1,21% |
| Löng óverðtryggð bréf | OMXI5YNI | 5,17% | 4,00% | 4,73% | 5,50% |
| Stutt verðtryggð bréf | OMXI5YI | 6,67% | 5,70% | 4,45% | 3,86% |
| Löng verðtryggð bréf | OMXI10YI | 6,69% | 5,70% | 5,95% | 6,29% |
| Hlutabréf | OMXI8GI | 10,50% | 10,50% | 12,79% | 12,79% |
| Fasteignir | FMRTOT | 8,50% | 8,50% | 1,97% | 2,50% |

| Erlendar eignir | Viðmið | Vænt nafnávöxtun m.v. | | Vænt nafnávöxtun m.v. | |
|-------------------------|---------|-----------------------|----------------|-----------------------|---------------------------|
| | | uppgjör á kaupkröfu | markaðsuppgjör | Söguleg áhætta | Vegin áhætta ¹ |
| Áhættulítill skuldabréf | BARCABI | 2,0% | 2,0% | 9,00% | 8,54% |
| Hávaxta skuldabréf | IBOXHY | 3,0% | 3,0% | 8,74% | 8,69% |
| Hlutabréf | MSCI | 10,0% | 10,0% | 11,99% | 12,59% |
| Fasteignir | DWGRST | 10,0% | 10,0% | 13,53% | 13,98% |
| Hrávörur | ROGRTR | 0,0% | 0,0% | 13,05% | 14,42% |

Hlutfallsdeild Lifeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 3,5% meðalraunávöxtun til lengri tíma með að hámarki 6,5% árlegu staðalfrávik². Vænt raunávöxtun er 2,83% m.v. uppgjör skuldabréfa á markaðskröfu og staðalfrávik 5,25%.



Myndin að ofan sýnir líkindadreifingu raunávöxtunar eignasafns að gefinni þeirri forsendu að raunávöxtun sé normaldreifð með staðalfrávik byggt á sögulegum gögnum um flökt og fylgni.

4. Fjárfestingarstefna 2017

Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar mótast af því að búið er að loka deildinni fyrir nýjum iðgjaldagreiðendum og því fækkar greiðandi sjóðfélögum en lífeyrisþegum fjölgar. Það er mat stjórnar að neðangreind eignasamsetning sé þannig háttáð að deildin muni sem best geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar. Í töflunni eru tilgreindar takmarkanir sem gilda um tegundir verðbréfa fyrir árið 2017.

| Eignaflokkur | Markmið | Lágmark | Hámark |
|---|---------|---------|--------|
| 1. Innlán í bönkum og sparisjóðum | 20% | 0% | 25% |
| 2. Vixlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 55% | 40% | 75% |
| 3. Skuldabréf sveitafélaga | 4% | 0% | 10% |
| 4. Skuldabréf lánastofnana | 6% | 0% | 10% |
| 5. Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði | 2% | 0% | 25% |
| 6.-7. Innland hlutabréf og hlutdeildarskírteini | 5% | 0% | 10% |
| 6.-7. Erlend verðbréf | 0% | 0% | 5% |
| 8. Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrirtækja) | 8% | 0% | 15% |

¹ Visisvegin gildi, þar sem nýjar mælingar vega hærra en eldri mælingar.

² Reiknuð ávöxtun og staðalfrávik miðast við uppgjör skuldabréfa á markaðskröfu. Bókhaldslegt uppgjör deildarinnar kann að vera unnið miðað við aðrar forsendur.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'ab', 'FF', and 'BS'.

Skýringar:

- 1) Innlán í bönkum og sparisjóðum.
- 2) Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.
- 3) Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga og skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitafélaga.
- 4) Skuldabréf lánastofnana, einkum sértryggð skuldabréf fjármálastofana sem skráð eru á skipulögðum markaði.
- 5) Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, einkum sjóðfélagalán.
- 6) Hlutabréf fyrirtækja, þ.m.t. samlagshlutafélög.
- 7) Hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfa- og fjárfestinga- og fagfjárfestastjóðum.
- 8) Önnur verðbréf, einkum skuldabréf traustra fyrirtækja og skuldabréf útgefin af fagfjárfestastjóðum.

Hlutfallsdeild á ekki hlut í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Eignasamsetning skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997

Nánara niðurbrot fjárfestingarstefnu

Takmarkanir

- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Samanlögð eign deildarinnar í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Engar slíkar takmarkanir skulu vera á verðbréfum með ríkisábyrgð. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. tölulið 8.
- Innlán í sama banka eða sparisjóði, skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign deildarinnar. Þá skal samanlögð krafa á sama banka að meðtöldum innlánnum takmarkast við 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Eign Hlutfallsdeildar í einstökum verðbréfasjóði eða fjárfestingasjóði, má ekki nema meira en 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum hlutaðeigandi sjóðs.
- Eign lífeyrissjóðs eða einstakri deild hans í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags, má ekki vera meiri en 25% af hreinni eign lífeyrissjóðsins.
- Óheimilt er að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum við 5% af hreinni eign deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að afleiður kunnir að vera notaðar en eingöngu til að draga úr áhættu eignasafnsins.
- Óheimilt er að eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- Atvinnugreinaskipting:
 - Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu á Nasdaq OMX Iceland markaðnum.
 - Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af GICS atvinnugreinaflokkun Morgan Stanley og Standard & Poor's.
 - Fyrirtækjaskuldabréfum skal vera vel dreift milli helstu atvinnugreina.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa í október 2016 er 1,8% af hreinni eign. Sem stendur er hér eingöngu um að ræða lán til sjóðsfélaga gegn veði í íbúðarhúsnæði. Hámarks lán samkvæmt útlánareglum er 35 m.kr. og takmarkast við 75% veðhlutfall. Upplýsingar um útlánareglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Auk þess fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum fyrirtækja og sjóða sem tryggð eru með veði í fasteignum, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Meðallíftími skuldabréfa og innlána

Markmið um meðallíftíma skuldabréfa og innlána er 6 til 10 ár. Vegið meðaltal var 8,3 ár þann 1. október 2016.

Samningur um virka eignastýringu hjá þriðja aðila

Um 3,5% eigna deildarinnar eru nú í virkri eignastýringu hjá þriðja aðila. Auk þess eru rúmlega 85% af hlutabréfaeign deildarinnar í sjóðum sem beita virkri stýringu.

5. Endurskoðun fjárfestingarstefnu





Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

Reykjavík, 26. janúar 2017

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna



Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna



Fylgiskjal I

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997
Markmið um samsetningu eigna

| Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris | I | | II | | III | | IV | | V | | VI | |
|--|------------------------------|---------|-------------------------|------------------------|-----------------------|---------|-----------------|---------|---------|---------|----|--|
| | Markmið um eigna-samsetningu | Vikmörk | Staða í september, 2016 | Hámark skv. samþykktum | Gengisbundin verðbréf | Vikmörk | Óskráð verðbréf | Vikmörk | Vikmörk | Vikmörk | | |
| Innlán í bönkum og sparisjóðum og aðrar peningamarkaðseignir | 20% | 0-25% | 24,4% | Ekkert hámark | 0% | 0% | 0% | 0-35% | 0% | 0-35% | | |
| Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 55% | 40-75% | 62,5% | Ekkert hámark | 0% | 0% | 5% | 0-20% | 0% | 0-20% | | |
| Skuldabréf bæjar- og sveitafélaga | 4% | 0-10% | 2,0% | 50% | 0% | 0% | 0% | 0-10% | 0% | 0-10% | | |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 6% | 0-10% | 0,5% | 50% | 0% | 0% | 0% | 0-10% | 0% | 0-10% | | |
| Fasteignatryggð skuldabréf | 2% | 0-25% | 1,8% | Ekkert hámark | 0% | 0% | 3% | 0-25% | 0% | 0-25% | | |
| Hlutabréf | 5% | 0-10% | 2,8% | 60% | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% | | |
| Hlutir og hlutdeildarskrteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu | 0% | 0-10% | 0,1% | 50% | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% | 0% | 0-5% | | |
| Íbúðarhúsnæði | 0% | 0-10% | 0% | Ekkert hámark | 0% | 0% | 0% | 0-10% | 0% | 0-10% | | |
| Önnur verðbréf* | 8% | 0-15% | 5,9% | 50% | 0% | 0% | 0% | 0-10% | 0% | 0-10% | | |
| Samtals | 100% | | 100% | | 0% | | 8% | | | | | |

Hámark samkvæmt samþykktum

50%

20%

Hlutfallsdeild

*Önnur verðbréf eru skuldabréf fyrirtækja ofi.

